



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson,  
skipulagsfræðingur  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2008  
Tilvísun: UST20071200090/sf


### Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 vegna Hellsheiðaræðar, stofnæð hitaveitu

Umhverfisstofnun var með tölvupósti frá Reykjavíkurborg þann 10. desember 2007 send til upplýsingar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er varðar lagningu stofnæðar hitaveitu um Geitháls og Reynisvatnsheiði, ásamt umhverfisskýrslu. Aðalskipulagsbreytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar lagningar niðurgrafinnar hitaveituæðar frá Hellsheiðarvirkjun að miðlunartönkum í Reynisvatnsheiði og felst í því að gert er ráð fyrir niðurgrafinni stofnæð hitaveitu á um 2,5 km kafla í lögsögu Reykjavíkur. Skipulagstillagan hefur verið auglýst og er athugasemdafrestur til 23. janúar 2008.

Eins og fram kemur í erindi Reykjavíkurborgar var skipulagstillaga er varðaði sömu framkvæmd send Umhverfisstofnun til umsagnar í ágúst 2007 og gaf stofnunin umsögn um þá tillögu með bréfi dags. 20. september 2007. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hefur skipulagstillagan verið endurbætt lítillega eftir umsagnarferli.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Virðingarfyllt

  
Sigrós Friðriksdóttir

Afrit: Skipulagsstofnun.



Hjalti Guðmundsson  
sviðsstjóri